

Vélsm.   
**Árna Jóns ehf.**

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

**JÖKULL**  
SNÆFELLSBÆ

355. tbl - 8. árg.

5. júní 2008



**SPARISJÓÐURINN**  
Ólafsvík

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

# Hrygning hjá hrognkelsi í fiskasafninu

Fyrir nokkru kom áhöfnin á Ólafi Bjarnasyni SH með talsvert af fiskum í Fiskasafnið í Ólafsvík, meðal þess sem kom í safnið þá voru tveir háfar, þorskur, ufsi, skötuselur, tindabykkja og nokkrar tegundir flatfiska.

Í fjöruferð fiskasafnsins á dögnum náðu þáttakendur í fjöruferðinni rauðmaga þar sem að hann lá í fjörupolli og beið eftir grásleppu, í sömu ferð fékk safnið tvo marhnúta. Annar marhnúturinn var veginn þegar í safnið var komið og vó hann 700 grömm, þess má geta að stærsti marhnútur sem veiðst hefur á sjóstöng á Íslandi var veiddur af Grundfirðingi á sjóstangveiðimóti fyrir



nokkrum árum og vó hann 638gr.

Skömmu fyrir sjómanna- dag kom áhöfnin á Ólafi Bjarnasyni með fleiri fiska í safnið og þar á meðal voru

skötur og grásleppa, grásleppan var sett í búr með rauðmaga og að kvöldi sjómanna- dags hrigndi grásleppan svo í búrinu. Rauðmaginn mótaði kökk úr hrognunum

og hefur vakað yfir þeim síðan og passað upp á að nægilegt súrefni leiki um hrognin, hrognin eru nú um 2,5 mm. í þvermál. Ef allt gengur að óskum munu seiðin klekjast út að þremur vikum liðnum og verða þá um 5mm að stærð. Á meðfylgjandi mynd er rauðmaginn fremst á myndinni ásamt grásleppunni en á bak við þau má greina hrognin.

Fiskasafnið verður opið daglega frá kl. 13 - 18 í sumar og enginn aðgangseyrir er í safnið. Ef áhugi er á fjöruferðum eða hornsílavæiðum er hægt að fá lánaða háfa í safninu gegn því að afraksturinn verði eftir í safninu.

## Dósasöfnun

Fimmtudaginn 5. júní  
kl.18:30

ætlum við að fara í dósasöfnun í Ólafsvík. Er það von okkar, bæjarbúar góðir að þið eigið eitthvað af flöskum handa okkur, hvort sem það er plast, ál eða gler.

Til að allt gangi vel og fljótt fyrir sig, væri ágætt að þið settuð poka eða kassa með flöskunum fyrir utan hús ykkar, að öðrum kosti bönkum við uppá hjá ykkur.

*P.S. Krakkar mætum öll í húsnæði Ragnars og Ásgeirs, endilega takið mömmu og pabba með, því margar hendur vinna létt verk.*

Með fyrirfram þökk.  
Umf. Víkingur

 **KÆLIVER** ehf  
S:530-3100

## Nýr íþróttta- og æskulýðsfulltrúi

Sigurður Gíslason sagði starfi sínu sem íþróttta- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar lausu í byrjun maí. Nýr aðili hefur verið ráðinn til starfans og tók Sigrún Ólafsdóttir við starfi íþróttta-

og æskulýðsfulltrúa Snæfellsbæjar þann 1. júní s.l. Hægt er að ná í Sigrúnu í síma 894-2446 og á netföng: [sigrun@snb.is](mailto:sigrun@snb.is) og [sigruno@gsnb.is](mailto:sigruno@gsnb.is)

## Prentsmiðjan Steinprent

verður opin frá 13 - 17  
vikuna 9. - 13. júlí



**STEINPRENT**

Sandholt 22, Ólafsvík [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610



**HOBBITINN**

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

**HAMBORGARATILBOÐ**  
fyrir einstaklinga og fjölskyldur

# Gestir á Ingjaldshóli

Nú er runninn upp sá tími ársins sem félög og ýmsir hópar taka sig til og á sér rútu og fara í skoðunarferðir um okkar áhugaverða land.

Meðal þeirra sem fóru í slíka ferð um síðustu helgi var fjörutíu manna hópur á vegum Félags um átjándu aldar fræði sem ferðaðist um Snæfellsnes

Með í förinni var Þór Magnússon fyrv. Þjóðminjavörður.

Þegar kom að Ingjaldshóli var kirkjan þar skoðuð og þar flutti Þór fyrirlestur um muni kirkjunnar. Ingjaldshólskirkja er talinn elsta steinsteypta kirkja í heimi. Henni er vel við haldið og í góðum tengslum við kirkjuna er nýbyggt safnaðarheimili.

Á myndinni sem tekin er í Ingjaldshólskirkju er Þór Magnússon að flytja fyrirlestur um muni kirkjunnar.



## Deloitte.

Viðskiptafræðingur  
Snæfellsbæ

Óskum eftir viðskiptafræðingi á skrifstofu okkar í Snæfellsbæ. Viðkomandi þarf að vera dugmikill og drifandi, hafa góða yfirsýn yfir íslenskt atvinnulíf og áhuga á að starfa í alþjóðlegu umhverfi.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Gott vald á íslensku og ensku

Umsoeknir með ferilskrá sendist til mannauðsstjóra, Ástaugar B. Guðmundardóttur ([aslauug.gudmundardottir@deloitte.is](mailto:aslauug.gudmundardottir@deloitte.is)) fyrir 13. júní.

Nánari upplýsingar gefur Jónas Gestur Jónasson hjá Deloitte í Snæfellsbæ í síma 430 1600.

Deloitte er leiðandi þekkingarfyritæki með yfir 150.000 starfsmenn á alþjóðavísu. Á Íslandi eru starfsmenn um 200 víðsvegar um landið og veita fyrirtækið þjónustu á sviði endurskoðunar, reikningskilla, skatta- og lögræðingargjafar og fjármálaráðgjafar. Deloitte leitast við að bjóða starfsmönnum sínum upp á sveigjanlegan vinnutíma, fjölskylduvænt starfs-umhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

**Þín verslun**

Nýtt kjóttíboð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tílboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

**Verslunin Kassinn ehf.**  
Norðurlaga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 Fax 436-1346  
emil. [kassinn@jokioverslun.is](mailto:kassinn@jokioverslun.is)

Bajarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
Sími: 436 1617

## Kvennahlaup ÍSÍ 7. júní í Ólafsvík

Þá er komið að hinu árlega kvennahlaupi ÍSÍ og Sjóvá. Á laugardaginn 7. júní hittumst við kvenþjóðin í Sjómannagarðinum og förum í Kvennahlaupið. Þó þetta nefnist kvennahlaup þá er hverri það í sjálfsvald sett hvort gengið er eða hlaupið. Svo er fínt að taka með sér börnin í kerrunum. Allir skráðir þátttakendur fá glaðning að hlaupi loknu. Skráning fer fram í Sundlaug Ólafsvíkur og einnig í Sjómannagarðinum fyrir hlaupið. Þátttökugjald er kr. 1.000-. Vegalengdir eru 2.5 og 5 km.

Þemað þetta árið er „Heilbriggt hugarfar, hraustar konur“. Markmiðið er að vekja athygli á að lykill að vellíðan er að konur hugsi á heilbrigðan hátt um

sjálfar sig og aðra. Lögð er áhersla á að heilsa er allt í senn andleg, líkamleg og félagsleg. Konur eru því hvattar til að fagna því að þær eru eins ólíkar og þær eru margar og njóta þess fjölbætta ávinnings sem fylgir heilbrigðum lífsháttum svo sem jákvæðu hugarfari, daglegri hreyfingu og hollum matarvenjum. Að sama skapi ætti að varast að meta sig út frá staðalímyndum t.d. um útlit, þyngd eða fatastærð. Höfum þetta ætíð hugfast kærur konur.

Munum að hlaupi hefst kl. 11:00 í Sjómannagarðinum, upphitun kl. 10:50.

Takið þátt. Þetta er bara gaman.

EEÁ



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**

er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinsson hdl.  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

# Hugleiðing á tímamótum

Um þessar mundir er yfirstandandi kjörtímabil bæjarstjórnar hálfnað. Á þeim tímamótum er ágætt að líta yfir farið að bjóða út framkvæmdir. Einhver skýring hlýtur að vera á því. Þeir sem lesa úrdrátt úr fundargerðum bæjarstjórnar sjá að eitthvað er að gerast í báðum þessum brýnu málum því bæjarstjóri gerir grein fyrir stöðunni í lok næstum hvers fundar. Kannski eru þetta leyndarmál, en til að ekki séu allskonar sögur gangandi á milli manna, sannar eða minna sannar tel ég að gott væri að upplýsa bæjarbúa á svona þingi eins og áður er nefnt, um það sem hægt er að segja frá.

Í sambandi við átöppunarverksmiðjuna datt mér í hug eftirfarandi saga sem ég heyrði austan frá Reyðarfirði og er sögð hafa gerst fyrir nokkrum árum. Aðkomumaður hitti ungan dreng úti á götu og spurði hann m.a. hvað hann ætlaði að gera þegar hann yrði orðin stór? „Sama og pabbi“ svarði stráksi, „en hvað gerir pabbi þinn?“ spurði aðkomumaðurinn. Hann er að biða eftir álveri! Álverið er komið, þannig að við sjáum að við eigum góða von um okkar verksmiðju ef heimfæra má söguna upp á staðhætti hér.

Kannski er ég bara svona forvitinn og langar til að fylgjast með. Eins og ég upplifi þessi mál hérna í bæjarfélaginu upp á síðkastið þá er það þegar tveir eða fleiri fara að tala saman, berst talið yfirleitt að þessum tveimur brýnu málum. Þess vegna datt mér í hug að setja saman þennan pistil með von um svar frá þeim sem til þekkja.

Ólafur H. Steingrímsson

Ólafur H. Steingrímsson

## HEIM-SENDIR

Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími: 431 5613 - netfang: vorur@simnet.is

Lauga: 895 5613 - Halli: 899 5613 - Víðir: 899 5624



Vöruafgreiðsla að Skútuvogi 13

Sími: 533 2211

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Ferðir alla virka daga frá Norðurtanga 1 í Snæfellsbæ kl. 10

og frá afgreiðslu að Skútuvogi 13 í Reykjavík kl. 17

## Fjölbreytt þjónusta



Köfun

STEINSÖGUN

Stillasa (Verkpalla) leiga

Kerruleiga

## Sjómanna dagurinn



Sjómanna dagurinn var haldinn hátíðlegur á Hellisandi, Rífi og í Ólafsvík um síðustu helgi, á laugardeginum var keppt í keppnisgreinum í Ólafsvík og í Rífi. Sjómannahófið í Klifi var á laugardagskvöldi en á sunnudagskvöldi í Röstinni.

Samkvæmt venju fór svo hátíðadagskráin fram bæði á Hellisandi og í Ólafsvík á sunnudeginum.

Í Ólafsvík var nú í fyrsta

skipti keppt í kararóðri í stað hefðbundins kappróðurs, kappróðrabátar Sjómanna dagráðs þeir Þor og Þróttur eru orðnir svo illa farnir að ekki er talið mögulegt að gera við þá, vinna er hafin við að láta smíða nýja báta og á því að vera lokið fyrir næsta sjómanna dag.

Á meðfylgjandi mynd er verið að keppa í kararóðri í Ólafsvík.



### Bifreiðaverkstæði Aegis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?

Logar viðvörunarljós í mælaborði?

Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bílategunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Aegis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ

Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

# Fyrst í Evrópu - fjórðu í heiminum



Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholts- hreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær auk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, taka þann 8. júní formlega á móti

vottun frá alþjóðlegu umhverfsvottunarsamtökunum Green Globe.

Þetta er merkur áfangi í sjálfbærnisögu Íslands, því sveitarfélögin eru þau fyrstu í Evrópu til að hljóta vottun fyrir stefnu og framkvæmd í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og fjórða svæðið í heiminum til að ná slíkum árangri.

Eiginlegt vinnuferli hófst árið 2003, en frá þeim tíma hafa orðið geysilegar breyting-

ar á umhverfisstjórnun sveitarfélaganna. Allir leikskólar og fimm grunnskólar af sjö á Snæfellsnesi hafa fengið Grænánann, hafnirnar í Stykkishólmi og á Arnarstapa eru komnar með Bláfánann en báðir fánarnir undirstrika aukna umhverfisstjórnun og sjálfbærni í rekstri viðkomandi staða.

Úrgangsmál hafa verið stórlega bætt og í öllum sveitarfélögum er nú tekið á móti flokkuðum úrgangi og flest heimili eiga þess kost að vera með endurvinnslutunnu. Stefna sveitarfélaganna er mun skýrari og markvissari í öllum rekstri, innri verkferlar hafa verið bættir og innkaup beinast að umhverfsvottuðum vörum, auk þess sem ýmis öryggismál hafa verið endurskoðuð og yfirfarin.

Vottunarferlið hefur því eflt og skerpt ýmsar áherslur í rekstri sveitarfélaganna og gert þau enn betri fyrir íbúana, um

leið og meira tillit er tekið til náttúrunnar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er aðili að vottuninni og því fyrsti þjóðgarðurinn á Íslandi til að hljóta umhverfsvottun. Á Snæfellsnesi eru jafnframt fleiri vernduð svæði sem falla undir hið vottaða svæði.

Vottun Green Globe verður endurnýjuð árlega og sveitarfélögin setja sér jafnframt markmið um áframhaldandi árlegar úrbætur í rekstri sínum. Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á slóðinni [www.nesvottun.is](http://www.nesvottun.is).

Viðurkenningar um vottunina verða afhentar forsvarsmönnum sveitarfélaganna í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði sunnudaginn 8. júní kl. 14:30. Viðstaddir þessa tímamótaathöfn verða meðal annars forseti Íslands, forseti Alþingis og fyrrverandi samgönguráðherra, alþingismenn og aðrir góðir gestir. Allir eru velkomnir.



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem Jökullinn ber við lofi...

## Auglýsing

um breytingu á aðal - deiliskipulagi í Snæfellsbæ

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingum á aðal- skipulagi Snæfellsbæjar með vísan í 18. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og breytingu á deiliskipulagi í samræmi við 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

### 1. Rifshöfn, breytt aðalskipulag.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995-2015 vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Rifshöfn. Breytingin felur í sér lengingu núverandi Norðurgarðs um ca. 500 m út að Töskuvita og gerð ca. 300 m langs grjótsgarðs (sandfangara) úr fjörunni til móts við Töskuvita. Staðsetning Útfalls er leiðrétt í samræmi við nákvæmari kortagrunn og verður sandfangarinn vestan núverandi útrásar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### 2. Rifshöfn, breytt deiliskipulag

Deiliskipulagi Rifshafnar er breytt vegna fyrirhugaðrar framkvæmda við grjótgard. Erfiðasta hluta innsiglingarinnar verður skýlt með brimvarnargarði frá núverandi grjótgardi út undir Töskuvita. Jafnframt verður byggður nýr sandfangari úr fjörunni með stefnu á grjótgard út undir Töskuvita. Eftir þessar breytingar verður verður hafnarmynnið komið út undir Tösku. Þessi framkvæmd gjörbreytir aðstæðum, bætir innsiglingu og eykur öryggi. Auk þess er lóðarmörkum breytt við Hafnargötu 9 og Melnes 2 vegna betra fyrirkomulags við vigtun. Þá er lóð nr. 5 við Smiðjugötu breytt vegna breytts aðkomuvegar að frystihúsi á Hafnarbakka til að tryggja athafnasvæði á Hafnarbakkanum.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögunarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, virka daga frá kl. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30 frá og með 2. júní til 14. júlí 2008. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu Snæfellsbæjar, [www.snb.is](http://www.snb.is).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 14. júlí 2008. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillögurnar.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.



Laust starf:

**Leikskólinn Krílakot, Ólafsvík**

**Staða aðstoðarmanns matræð og skilastaða óskast við leikskólann frá 14. ágúst.**

**Um er að ræða 69 %starf og er Vinnutíminn frá kl. 11.30 - 17.00**

Allar nánari upplýsingar um launakjör og starfslýsingu gefur leikskólastjóri í vs. 433 6925.

Umsóknarfrestur til 19. júní.

Umsóknareyðublöð skal nálgast í leikskólanum eða á skrifstofu Snæfellsbæjar.



## Sumarafleysingar !

Íslandspóstur hf. Hellissandi  
óskar að ráða starfskraft í sumarafleysingar.  
Umsóknarfrestur er til 12. júní 2008

Upplýsingar veitir afgreiðslustjóri í síma 436 6600  
eftir hádegi

Íslandspóstur hf. Hellissandi

## Samsett álftr



Undanfarna daga hafa álftrir verið fyrirferðamiklar í fjölmiðlum landsins, þessi mikli áhuga vaknaði við það að ferðamaður sem átti leið um Ólafsvík tók mynd af tveimur álftrum sem spókuðu sig í lítilli tjörn inn í Dal, önnur álftranna bar kríu á hausnum og því þótti þetta mjög gott og áhugavert myndefni. Svo gott var myndefnið að Morgunblaðið setti þessa „frétt“ á forsíðu og ein-

nig fékk hún veglegt pláss inni í blaðinu.

Daginn eftir kom svo leiðrétting á fréttinni og viðtal við eiganda álftranna en það er Ríkharður Magnússon í Ólafsvík sem setti þessa svani úr plasti auk nokkurra plastanda á flot í vor til skrauts.

Á meðfylgjandi mynd má sjá plastfuglana og kríu sem tyllt hefur sér á haus annars þeirra.

## Óskilafatnaður!

Getur verið að barnið þitt hafi gleymt útibuxum, íþróttafötum, handklæði, nestisboxi eða einhverju öðru í skólanum?

Hægt verður að nálgast óskilafatnað í Grunnskóla Snæfellsbæjar, Ólafsvík og Hellissandi, milli kl. 8-14 alla virka daga til 20. júní. Eftir það verða fötin gefin Rauðakrossinum.

Starfsfólk

## Þjóðgarðsdagskrá

Dagskrá þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er nú að fara í fullan gang og verður boðið upp á tvo viðburði um næstu helgi. Á laugardag 7. júní verður 4. áfangi göngunnar með endilangri strönd þjóðgarðsins sem hófst síðasta sumar farinn. Gengið verður frá Þórðarkletti að Skálasnagavita og verða Tómas Gunnarsson fuglafræðingur og Sæmundur Kristjánsson leið-

sögumenn um fuglalíf, sögu og náttúru svæðisins. Gangan tekur um 4-5 klst. og er fólki bent á að vera í góðum skóm og taka með sér nesti. Mæting er við afleggjarann út á Öndverðarnes kl. 10:45. Sunnudaginn júní kl. 11 verður refaskoðunarferð við Malarrif undir Leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Jafnvel er búist við að kunnulegir refir láti sjá sig þar.



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgya@bylgja.is



## SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

### Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

### FUNDARBOÐ - 184. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 5. júní 2008 og hefst hann í Félagsheimilinu Röst kl. 17:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 25. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 15. maí 2008.
- 2) Fundargerðir skólanefndar, dags. 9. apríl og 14. maí 2008.
- 3) Fundargerð 91. fundar hafnarstjórnar, dags. 22. maí 2008.
- 4) Fundargerð 40. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 27. maí 2008.
- 5) Bréf frá Tæknideild Snæfellsbæjar, dags. 23. maí 2008, varðandi vegagerð í Rífi.
- 6) Fundargerð 87. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 10. apríl 2008.
- 7) Fundargerð 754. fundar stjórnar SÍS, dags. 23. maí 2008.
- 8) Viðauki við samning um vatnskaup og fleira, dags. 17. maí 2008.
- 9) Bréf frá Byggðastofnun, dags. 28. maí 2008, varðandi styrki vegna mótvægisáðgerða.
- 10) Bréf frá Vegagerðinni, dags. 28. maí 2008, varðandi framkvæmdaleyfi fyrir endurbyggingu Snæfellsnesveggar (549, um Fróðárheiði, Egilsskarð - sæluhús.
- 11) Kosning forseta bæjarstjórnar - til eins árs.
- 12) Kosning 1. og 2. varaforseta bæjarstjórna - til eins árs.
- 13) Kosning þriggja aðila og jafnmargra til vara í bæjarráð - til eins árs.
- 14) Umboð til bæjarráðs til endanlegrar afgreiðslu mála í sumarleyfi bæjarstjórnar.
- 15) Minnispunktar bæjarstjóra

Snæfellsbæ, 3. júní 2008

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæ

# TIL HAMINGJU ÍBÚAR Á SNÆFELLSNESI



Í tilefni af þeim tímamótaatburði að sveitarfélögin á Snæfellsnesi hafa náð Green Globe vottun fyrst allra sveitarfélaga í Evrópu og þau fjórðu í heiminum, bjóða þau til hátíðar í **FJÖLBRAUTARSKÓLA SNÆFELLINGA, GRUNÐARFIRÐI SUNNUDAGINN 8. JÚNÍ KL: 14:30**

## HÁTÍÐARDAGSKRÁ:

- Söngur Karlakórinn Kári
- Afhending vottunarskjala til bæjarstjóra, oddvita og þjóðgarðsvarðar
- Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands – ávarp
- Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis og 1. þingmaður Norðvesturlands – ávarp
- Róbert A. Stefánsson, formaður Framkvæmdaráðs Snæfellsness – Yfirlit um verkefnið og árangur í umhverfismálum í vottunarferlinu
- Stefán Gíslason afhendir styrki úr Umhverfissjóði Snæfellsness
- Söngur Karlakórinn Kári
- Kaffiveitingar í boði sveitarfélaganna

Í Fjölbrautarskólanum verður jafnframt sýning á umhverfisverkefnum nemenda úr Grunnskólanum í Snæfellsbæ og Leikskólanum Sólvöllum, Grundarfirði.

## Á SUNNUDAGSMORGNINUM ER BODIÐ UPP Á EFTIRFARANDI DAGSKRÁ:

Í *Þjóðgarðinum Snæfellsjökli* er ferð að refagreni undir leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Mæting á Malarrífi kl: 11:00. Jafnvel er búist við að „kunnuglegir“ refir láti sjá sig. Ferðin tekur um 1-2 klukkustundir.

Félagar í *Skógræktar- og landverndarfélaginu Undir Jökli* taka á móti gestum í *Tröðinni, Hellissandi* milli kl. 11-12.

Gunnar Njálsson hjá *Skógræktarfélagi Eyrarsveitar* er með umhverfisleiðsögn í *Brekkuskógi* kl: 11:00.

Náttúruskoðunarferð er á vegum *Náttúrustofu Vesturlands og Háskólasetur Snæfellsness í Stykkishólmi*. Mæting kl. 11:00 við Ráðhúsið.

